

## FUNDARGERÐ

### SKJALALYKILL

3350-003-FUN-123-V01

### DAGS. / TÍMI FUNDAR

02.06.2022 / 10:25 – 12:15

### NR. FUNDAR

126

### VERKHEITI

**126. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)**

### VERKKAUPI

START hópurninn

### FUNDAREFNI

1. Gögn ársins 2021
2. Stuðlar ársins 2021 og gögn til Orkustofnunar
3. Kostnaður vegna skorts
  - Niðurstöður spurningarkönnunar
  - Skýrsla: Könnun um kostnað fyrirtækja/stofnana vegna raforkuskorts
  - Tillögur
4. Verkáætlun ársins 2022, staðan og endurskoðun
5. Önnur mál
  - a) Skráning framleiðslustöðvun virkjana
  - b) Kynning á nýju kerfi hjá RARIK

### FUNDARGERÐ

IJB / 08.06.2021

### FUNDARBOÐARI

IJB

### FUNDARSTAÐUR

RARIK / fjarfundur

### FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)  
 Benedikt Einarsson (BE)  
 Baldur Hólm (BH)  
 Gísli Þór Ólafsson (GPÓ)  
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)  
 Egill Sigmundsson (ES)  
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)  
 Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)  
 Guðmundur Sigfinnsson (GS)  
 Andri Viðar Kristmannsson (AVK)

Fjarfundur

Fjarfundur

### FYRIRTÆKI

Landsnet  
 Veitur  
 Norðurorka  
 RARIK  
 RARIK  
 HS Veitur  
 EFLA  
 EFLA  
 EFLA  
 RARIK

### FJARVERANDI

Ragnar Emilsson (RE)  
 Rán Jónsdóttir (RJ)

### FYRIRTÆKI

Orkubú Vestfjarða  
 Orkustofnun

### DREIFING

START hópurninn

### FYRIRTÆKI

Fundur START hópsins var haldinn hjá RARIK og sem fjarfundur í Teams.

KRÁ kynnti Gísla Þór sem mun taka sæti hans í START hópnunum. Var hann boðinn velkominn í START hópinum og Kjartani þökkuð samstarfið undanfarin ár. IJB kynnti Guðmund sem hefur unnið ásamt Hauki Á. Hilmarssyni að skoðunarkönnun um kostnað fyrirtækja/stofnana vegna raforkuskorts.

### 1. Gögn ársins 2021

Upplýsingar bárust frekar seint frá fyrirtækjum í ár og síðustu upplýsingar bárust EFLU í lok síðust viku, þess vegna hefur ekki verið hægt að ljúka við gerð skýrslu um gæðastuðla.

### 2. Stuðlar ársins 2021 og gögn til Orkustofnunar

KR fór yfir myndir fyrir stuðla síðasta ársins sem munu birtast í skýrslunni. Í samanburði við 10 ára meðaltal var árið 2021 gott ár hjá Landsneti, Orkubúi Vestfjarða og RARIK dreifbýli. Hjá Norðurorku, Veitum, HS Veitum og RARIK þéttbýli og var árið 2021 verra en meðaltal síðustu 10 ára.

Endanleg skýrsla verður send á hópinum í rýni þegar hún verður tilbúin, síðar í sumar.

### 3. Kostnaður vegna skorts

GS fór yfir könnun um kostnað fyrirtækja/stofnana vegna raforkuskorts sem var gerð í lok síðasta árs meðal fyrirtækja í matvælaíðnaði, upplýsingatækni, smásölu sem og hjá fyrirtækjum/stofnunum innan opinberrar þjónustu og kynnti helstu niðurstöður hennar og breytt kostnaðarföll í mati á kostnaði vegna skorts. Könnunin byggir á norskri könnun frá árinu 2012 og voru spurningar aðlagðar að íslensku aðstæðum. Í norsku könnuninni var einnig spurt um spennugæði en þeim þætti var sleppt hér. Könnunin var unnin í samvinnu við Gallup á Íslandi sem sá um uppsetningu og framkvæmd könnunarinnar. Starfsmenn EFLU sáu um úrvinnslu svara og aðstoðuð einnig svarendur eftir aðstæðum.

Svarhlutfall var á bilinu 27- 61%, hæst var það hjá fyrirtækjum í matvælaíðnaði og lægst hjá smásölu fyrirtækjum. Af 181 fyrirtækjum svöruðu 62 fyrirtæki eða um 34% svarhlutfall. Gallup telur könnunina vera marktæka. Kynnt voru ný kostnaðarföll. Verið er að ljúka við skýrslu um könnunina ásamt tillögum að nýjum kostnaðarstuðlum og mun START hópurinn geta rýnt hana og komið með athugasemdir fyrir 15. september.

Notkunarflokkaskýrslur eftir landshlutum og dreifiveitum fyrir árið 2021 þurfa að vera tiltækar til að geta gengið frá skýrslu um „Kostnað vegna skorts“.

#### 4. Verkáætlun ársins 2022, staðan og endurskoðun

IJB fór yfir tímanotkun START verkefnis. Búið er að nýta áætlaða tíma í verkefnið „Kostnaður vegna skorts“ en eftir er að ganga frá skýrslunni sem unnin verður í haust, skýrist þetta meðal annars af því að vinna vegna könnunnar sem átti að vinna á síðasta ár og vera aðkeypt fluttist yfir á núverandi ár. Þess vegna er lagt til að bæta við 300 tímum við verkið vegna skýrslugerðar. Einnig var lagt til að bæta við 90 tímum vegna endurskoðunar á handbók. Tillagan var samþykkt.

#### 5. Önnur mál

RS sagði frá umræðu á fundi flutningsfyrirtækja að skila ætti inn upplýsingum um brottfall vinnsluaðila (virkjana). Ekki er búið að ákveða þessa skráningu.

AVK kynnti nýtt kerfi frá Hitachi Energy sem RARIK hefur innleitt vegna skráningar á rekstrartruflunum.